

Ísland skal greiða framlag sitt til árlegs kostnaðar samkvæmt samningnum í upphafi hvers árs og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að fjárfrafað hefur verið send. Sérhver dráttur á greiðslu framlagsins skal tilefni til greiðslu vaxta af Íslands hálfu sem eru jafnháir hæstu forvöxtum sem gilda í aðildarríkjum bandalagsins á gjaldþaga. Vextirnir skulu hækka um 0,25 prósentustig fyrir hvern mánuð sem greiðslan dregst.

Hækkuðu vextirnir skulu eiga við um allan tímann sem dráttur verður á greiðslu. Þó ber aðeins að greiða þessa vexti ef framlagið er greitt meira en þremur mánuðum eftir að framkvæmdastjórnin hefur gefið fjárkröfuna út.

Ferðakostnaður íslenskra fulltrúa og sérfræðinga vegna þátttöku þeirra í starfi nefndarinnar sem greint er frá í 3. gr. samningsins skal endurgreiddur af framkvæmdastjórninni, í samræmi við þær starfsreglur sem í gildi eru hverju sinni um fulltrúa og sérfræðinga aðildarríkja bandalagsins og einkum í samræmi við ákvörðun ráðsins nr. 84/338/Euratom, ECSC, EBE.³

3. Fjármunir sem Ísland greiðir skulu færðir til tekna áætlunum bandalagsins sem inngreitt fé og fært undir viðeigandi lið á tekjufirliti heildarfjárlaga Evrópubandalaganna.

4. Gildandi fjárhagsreglugerð um heildarfjárlög Evrópubandalaganna skal eiga við um stjórnun fjárveitinga.

5. Í lok hvers árs skal gert yfirlit yfir fjárveitingar til áætlana bandalagsins og skal það sent Íslandi til upplýsinga.

³ Stjtið. EB nr. L 177, 4.7. 1984, bls. 25

AUGLÝSING

um uppsögn samnings við Júgóslavíu um afnám vegabréfsáritana.

Hinn 26. maí 1992 var samningi milli Íslands og Júgóslavíu frá 6. maí 1964 um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana sagt upp miðað við 27. maí 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1964 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. maí 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um samning við Pólland um afnám vegabréfsáritana.

Með erindaskiptum 18. og 19. júní 1992 var gengið frá samningi milli Íslands og Póllands um afnám vegabréfsáritana fyrir ferðamenn miðað við allt að þriggja mánaða dvöl. Samningurinn öðlast gildi 1. júlí 1992.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 25. júní 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.